

60. fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps var fimmtudaginn 6. ágúst 2026, kl 15. Fundurinn var haldinn sem fjarfundur á TEAMS.

Eftirtaldir fulltrúar mættu á fundinn:

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir (Strandabyggð), Kristín Anna Oddsdóttir (Strandabyggð), Árný H. Haraldsdóttir (Reykhólahreppi), Þorgerður L. Björnsdóttir (Árneshreppi), Hildur Aradóttir (Kaldrananeshreppi)

Starfsmaður fundarins er Hlíf Hrólfsdóttir félagsmálastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur er settur kl. 15.00

Dagskrá

1. Yfirferð trúnaðaryfirlýsinga nefndarmanna.

Farið var yfir trúnaðaryfirlýsingar nefndarmanna.

Trúnaðarlýsingar er samþykktar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Rætt um trúnaðarskyldu og hvernig ætti að meðhöndla þau mál.

2. Afgreiðsla félagsmálastjóra frá síðasta fundi.

Afgreiðslur félagsmálastjóra samþykktar og færðar í trúnaðarbók.

3. Trúnaðarmál.

a. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

b. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

c. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

d. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

4. Reglur um akstur fatlaðra. Grunnur að reglum

Lagður fram grunnur að reglum um akstursþjónustu fyrir félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Það þarf að yfirfara reglurnar betur og er félagsmálastjóra falið að klára reglurnar og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.



5. Skipun varafulltrúa í notendaráð velferðarþjónustu Vestfjarða.

Velferðarnefnd skipar Hrafnhildi Þorsteinsdóttur sem varafulltrúa í notendaráð velferðarþjónustu Vestfjarða.

6. Ráðning starfsmanns og ný verkefni

Félagsmálastjóri vill ráða starfsmann í fullt starf sem getur tekið ýmis verkefni eins og félagslega liðveislu, og að virkja einnig aðra til félagslegrar þátttöku. Velferðarnefnd lýsir yfir ánægju með þessa tillögu og samþykkir fyrir sitt leyti.

7. Aðalfundur félagsþjónustu

Lagt er til að aðalfundur félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps verði haldinn 25.ágúst 2026 kl. 17.00. Félagsmálastjóra falið að auglýsa fundinn og ganga frá bókun á fundarstað.

8. Önnur mál.

a. Onesystem.

Það var sett fram tilboð frá Onesystem 2025 og óskar félagsmálastjóri eftir því að fá tilboðið uppreiknað, og leggja aftur fyrir næsta fund til ákvörðunar um hvort félagsþjónustan eigi að vera með eigið onesystemkerfi. Velferðarnefnd tekur jákvætt í erindið.

b. Samningar um félagsþjónustu BS

Félagsmálastjóri skoðaði samning um félags og skólaþjónustu rangárvalla og vestur skaftafellssýslu. Það er byggðasamlag, en einhvern tíma þarf að taka fyrir hvaða stefnu félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps vill taka. Halda áfram að skoða möguleika.

c. Tillaga að dagskrá mannréttindaskrifstofu.

Lögð fram til kynningar tillaga að dagskrá heimsóknar mannréttindaskrifstofu. Félagsmálastjóra falið að skoða dagsetningar, kanna aðstöðu til fundar og auglýsa fund .

Hlíf Hrólfsdóttir, félagsmálastjóri Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir.

Kristín Anna Oddsdóttir

Árný Huld Haraldsdóttir

Hildur Aradóttir

Þorgerður Lilja Björnsdóttir